

**Frá:** Hlynur Páll Pálsson <[hlynurpall@id.is](mailto:hlynurpall@id.is)>

**Sent:** föstudagur, 14. febrúar 2020 15:24

**Til:** Heilbrigðiseftirlit <[heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is](mailto:heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is)>

**Efni:** Beiðni um undanþágu frá 19. gr. hollustuháttarreglugerðarinnar (941/2002) - Tilvísun í mál: 2020020143

Góðan dag!

Undirritaður sækir hér með um undanþágu frá 19. gr. hollustuháttarreglugerðarinnar (941/2002) vegna hundahalds í samkomuhúsi. Um er að ræða leyfi til að hafa þrjá hunda í sýningu Íslenska dansflokksins Rhythm of Poison sem frumsýnd verður 28. febrúar næstkomandi á Nýja sviði Borgarleikhússins.

Í viðhengi er tilkynning sem undirritaður sendi til MAST fyrir þremur dögum, en í dag komu dýraeftirlitsmenn frá MAST og tóku út aðstæður. Von er á skýrslu frá þeim eftir helgi, en þau voru mjög jákvæð eftir heimsóknina. Hér fyrir neðan er nánari lýsing á verkefninu og aðkomu hundanna:

- Sýningin Rhythm of Poison verður sýnd á Nýja sviði Borgarleikhússins. Það verður engin áhorfendabrekka, en í staðinn munu áhorfendur standa/sitja á gólfinu í sama rými og dansararnir. Þannig má segja að sýningarrýmið sé í raun meira eins og gallerí, heldur en leikhús. Fyrir sýningu munu hundarnir (ásamt eigendum) hafa aðstöðu í græna herbergi Nýja sviðsins, sem staðsett er undir Nýja sviðinu. Þar er hurð sem liggur beint út í port á milli Borgarleikhússins og Kringlunnar, þannig að ef hundarnir þurfa að komast út þá er mjög stutt að fara. Áætlað er að sýningin verði ca. 60-70 mínútur að lengd og að þátttaka hundanna verði einungis í 10-15 mínútur af þeim tíma. Hundarnir munu koma inn í salinn og vera innan um áhorfendur og flytjendur, enda er ekki aðgreint rými á milli sýningar- og áhorfendasvæðis.
- Óskað er eftir undanþágunni frá og með 25. febrúar (sem er fyrsta æfing með áhorfendum) og til 18. mars (en þá er áætluð lokasýning)
- Íslenski dansflokkurinn mun reyna að fá alls þrjá hunda til að taka þátt í sýningunni, en ef einungis finnst einn hundur til að taka þátt þá munum við halda okkur við það. Það verða aldrei fleiri en þrír hundar í sýningunni.
- Nálægð við áhorfendur verður töluverð – hugmyndin er að hundarnir muni virka sem áhorfendur í þann stutta tíma sem þeir eru í rýminu. Þeir munu því ekki gera neitt annað en að setjast með eiganda sínum og horfa á stuttan kafla í verkinu.
- Hundarnir verða í ól allan tímann.
- Áhorfendur verða upplýstir um þátttöku hundanna með sms skilaboðum nokkrum dögum fyrir sýningu. Jafnframt verður sendur tölvupóstur daginn fyrir sýningu og sms áminning samdægurs. Þar að auki verður skilti við innganginn sem ítrekar að það verði hundar í nálægð við áhorfendur í 10-15 mínútur. Ef áhorfendur hafa þegar keypt sér miða á sýninguna og treysta sér ekki til að mæta vegna ofnæmis, þá mun Íslenski dansflokkurinn endurgreiða þá leikhúsmiða.

Með von um jákvæð viðbrögð,

## Hlynur Páll Pálsson

framkvæmdastjóri / Managing Director  
Íslenski dansflokkurinn / Iceland Dance Company  
Borgarleikhúsið / Reykjavík City Theatre  
Listabraut 3  
IS - 103 Reykjavík  
Tel.: +354 588 0900  
Tel.: +354 690 0009  
mailto: [hlynurpall@id.is](mailto:hlynurpall@id.is)  
[www.id.is](http://www.id.is)  
Kíkið á okkur á/ Find us on [Facebook](#) - [Instagram](#) - [Twitter](#)

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem sendingin er stíluð á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans ber yður skv. 5. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki skrá upplýsingar hjá yður né notfæra yður þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis um að þær hafi ranglega borist yður. Vinsamlegast eyðið þeim að því loknu.

This e-mail message and any attachments is for the exclusive use of the intended recipient(s) and may contain confidential information. If you are not the intended recipient, please uphold strict confidentiality and neither read, copy or make use of the content in any way. Furthermore, please notify the sender immediately by replying to this message and delete all copies of the message.

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
DH-0100521	Listabraut 3	Hlynur Páll Pálsson Framkvæmdarstjóri			
Íslenski dansflokkurinn	103 Reykjavík	Jón Sveinsson Dýraeftirlitsmaður			
Tilefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Umbeðið	14.2.2020	14.2.2020	0,50	0,00	0,00

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Aðrar athugasemdir

Þann 14.02.2020 fóru Nanna Elísabet Eddudóttir, eftirlitsdýralæknir, og Jón Sveinsson, dýraeftirlitsmaður, í úttekt vegna tilkynningaskyldrar starfsemi með gæludýr. Úttekt þessi var framkvæmd á grundvelli laga nr. 55/2013 um velferð dýra, og reglugerðar nr. 80/2016 um velferð gæludýra.

Íslenski Dansflokkurinn sækist eftir því að nota allt að 3 hunda á danssýningu. Mun hlutverk hundanna vera mjög takmarkað, og er einungis ætlast til að þeir verði í sama opna rými og dansarar og áhorfendur án þess að það sé krafist þess að þeir hafi samskipti við aðra en eigendur/umráðamenn. Virðist all vera í lagi með áætlaðan aðbúnað og umhirðu á meðan sýningu stendur, jafnt sem fyrirhugaða þjálfun fyrir sýningardag. Viljum við minna á að senda okkur þá eigendur og hunda sem verða fyrir valinu. Hægt er að senda tölvupóst á [nanna.eddudottir@mast.is](mailto:nanna.eddudottir@mast.is)

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gögn úr öðru opinberu eftirliti. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 **er þér veittur 14 daga frestur** frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. **Andmæli berist skriflegasem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á [mast@mast.is](mailto:mast@mast.is).**

Starfsstöð

Íslenski dansflokkurinn  
Listabraut 3  
103 Reykjavík  
Staða: Í gildi  
Kennitala: 5701740619

Starfsemi

Gæludýr - 1 - DA - Dýrasýningar

Tengiliðir

Hlynur Páll Pálsson

6900009

[hlynurpall@id.is](mailto:hlynurpall@id.is)

Framkvæmdarstjóri

9 - Velferð

---

9.5 - Tilkyningarskyld starfsemi

9.5.1 Tilkyning

Sett inn: 14.02.2020

Í lagi

Tilkyning barst tímanlega fyrir sýningu.

---

9.5.2 Aðbúnaður

Sett inn: 14.02.2020

Í lagi

Hundar verða ávallt með eiganda/umráðarmanni og í taum á meðan sýningu stendur.

Er áætlaður tími sem hundar munu taka þátt í sýningu upb 10 mínútur og er ætlunin að þeir sitji með eiganda/umráðamanni.

Þegar hundar eru ekki á sýningar svæði verða þeir niðri í „græna herbergi“ sem er rúmgott og rólegt með beinan aðgang út (þarf ekki að fara í gegn um sal).

Lengd sýningar er 60-70 mínútur en hundar þurfa ekki að vera á staðnum allan tímann. Reiknað er með 5-6 sýningum í allt.

Mynd 1



Mynd 2



9.5.3 Almenn umhirða

Sett inn: 14.02.2020

Í lagi

Eigandi/umráðamaður verður alltaf með hundinum, er aðgangur að vatni og hægt að taka þá út ef þess er þörf.

Einungis verða notaðir hundar sem eru rólegir í kring um fólk þar sem áætlaður áhorfanda fjöldi verður í mesta lagi 70 manns.

Hundar verða með á dansæfingum (minnst tvær) fyrir sýningardag til þess að tryggja að þeir séu ekki órólegir í umhverfinu og vanir staðnum.

Eigendur/umráðarmenn munu tafarlaust fjarlægja hundinn úr umhverfinu sýni hann streitu eða kvíða einkenni.

Sýningarstjóri hefur reynslu á notkun hunda í sýningu þar sem hún hefur áður unnið slíkar sýningar.

#### 9.5.5 Smitvarnir

Í lagi

Sett inn: 14.02.2020

Eigendur hundanna sjá til þess að þeir séu bólusettir, og áhorfendur látnir vita með fyrirvara að það séu hundar á sýningu.

Þar sem hundarnir eru hluti af sýningu er ekki ætlast til að áhorfendur séu mikið að meðhöndla hundanna.

#### Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

9.5.1 Tilkygning

9.5.2 Aðbúnaður

9.5.3 Almenn umhirða

9.5.5 Smitvarnir

9.5.6 Slysavarnir

---

Nanna Elísabet Eddudóttir  
nanna.eddudottir@mast.is  
eftirlitsdýralæknir  
5304800

Eftirlit með gæluðýrum og tilkynningarskyldri starfsemi varðandi gæluðýr og gæluðýrahald er samkvæmt lögum nr. 55/2013 um velferð dýra og reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæluðýra.

## Tilkynning um dýrahald í danssýningu

Íslenski dansflokkurinn frumsýnir Rhythm of Poison, eftir finnska danshöfundinn Elinu Pirinen, á Nýja sviði Borgarleikhússins þann 28. febrúar næstkomandi. Um er að ræða óhefðbundna danssýningu þar sem áhorfendabekkjum á Nýja sviðinu verður pakkað saman og ganga áhorfendur því inn í rými sem svipar frekar til gallerís, en leikhúss. Inni í rýminu verða dansarar á víð og dreif og er ætlast til þess að áhorfendur geti hreyft sig á milli dansaranna til að virða fyrir sér danshreyfingarnar. Mögulega munu áhorfendur setjast á gólfið, en nokkrum stólum verður að öllum líkindum komið fyrir meðfram veggjum fyrir eldri áhorfendur og fótalúna. Danshöfundurinn hefur óskað eftir því að inni í sýningarrýminu verði þrír golden retriever hundar (ásamt eigendum sínum) og eru hundarnir frekar í hlutverki áhorfenda en sýnenda. Það verður einskis ætlast af þeim, annað en að vera á staðnum. Hundarnir munu fá að venjast sýningarrýminu með því að mæta á æfingar síðustu tvær vikur æfingaferlisins, en þegar kemur að sýningu munu þeir mæta rétt fyrir sýningu og fara um leið og sýningu er lokið. Áætlað er að sýna verkið alls 6 sinnum á tímabilinu 28.02.20 – 18.03.20.

Íslenski dansflokkurinn mun sjá til þess að tónlist í sýningunni fari ekki yfir hávaðamörk reglugerðar um velferð dýra (65 db) og að ljósanotkun muni ekki valda dýrunum óþægindum.

Með vinsemd og virðingu,

Hlynur Páll Pálsson  
framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins